

Hafnarfjarðarbær
Gunnþóra Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 11. júní 2020
UST202005-144/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting -Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 - 2025 - Hamranes

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Hafnarfjarðar er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar fyrir Hamranes.

Í greinargerð kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem svæði undir samfélagsþjónusta, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarsvæði og með breytingunni verður landnotkun svæðisins skilgreind sem miðbær/miðsvæði fyrir blandaða og þetta byggð íbúða verslunar og þjónustu.

Hraun

Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að umhverfisgæði eru góð, og Hafnarfjörður á eitt fegursta bæjarstæði landsins, með hrauni, gróðursæld, nágrenni við hafið og viðfeðm útivistarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á skipulagssvæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að á deiliskipulagsstigi fyrir Hamranessvæðið skal gera grein fyrir áhrifum umhverfis í samræmi við gr. 4.4.1. í skipulagsreglugerð 90/2013 um umhverfismat skipulagsáætlana.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram í umhverfismati hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61.

gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunsvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur